

## 9. fundur NOS

kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn í Hveragerði á skrifstofu Skóla- og velferðarþjónustu, þriðjud. 28. júní 2016 kl. 13:00

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Kristófer Tómasson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Kjartansson, Valtýr Valtýsson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson, Eydís Indriðadóttir, Gunnsteinn R. Ómarsson og María Kristjánsdóttir forstöðumaður.

### 1. Ársreikningur 2015:

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna bs. fyrir árið 2015 lagður fram. Byggðasamlagið var stofnað á árinu 2015 og því er ekki heilt ár undir í starfsemi samlagsins í þessum ársreikningi. Á miðju ári 2015 var ráðið í nýja stöðu sálfræðings og var ekki gert ráð fyrir því stöðugildi í ársreikningi en að öðru leyti var reksturinn í samræmi við fjárhagsáætlun.

NOS óskar eftir því að við næsta ársuppgjör verði ársreikningurinn settur upp með upplýsingum um rekstrarniðurstöðu fyrra árs ásamt fjárhagsáætlun.

NOS samþykktir ársreikninginn með undirritun og verður hann kynntur aðildarsveitarfélögum.

### 2. Húsnæðismál:

Formaður NOS kynnti stöðu húsnæðismála. Eins og stendur er Skóla- og velferðarþjónusta með skammtímaleigusamning við Arion banka í Breiðumörk í Hveragerði.

Nefndarmenn eru sammála því að starfsemin verði áfram í Hveragerði og er formanni falið að leita framtíðarlausna.

### 3. Staða málaflokka:

María Kristjánsdóttir fór yfir stöðu málaflokka sem að Skóla- og velferðarþjónustu snúa fyrir árið 2015. María kynnti einnig stöðu fjárhagsaðstoðar tímabilið janúar – júní 2016.

### 4. Önnur mál

- Næsti fundur NOS áætlaður í haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10  
Gunnsteinn R. Ómarsson, fundarritari